

Sverrir Páll Erlendsson



Undir regnboganum

Nokkur atriði um líf og tilveru samkynhneigðra
í nútímasamfélagi

Inngangur

Umræða um samkynhneigð hefur verið allmikil hér á landi á undanförunum árum. Ástæðurnar eru margvíslegar, en helst þó að réttindabarátta samkynhneigðra hefur í aldarfjórðung verið afar sterk og árangursrík. Mörg skref hafa verið stigin til að tryggja rétt þeirra, allt frá því að segja má að baráttan hafi hafist formlega með stofnun Samtakanna 78 árið 1978. Stærsti sigurinn á þessari vegferð er eflaust það skref sem stigið var með löggjöf á vordögum 2006. Með henni er sambúð og fjölskylduréttur fólks af sama kyni jafnréttu og meðal gagnkynhneigðra að öllu leyti öðru en því að þjóðkirkjan og flestir aðrir trúflokkar hafa ekki sameinast um heimild til blessunar í heilögu hjónabandi.

Þrátt fyrir að þessum formlegu réttindum hafi verið náð og þrátt fyrir vaxandi jákvætt umtal, þrátt fyrir árlega gleðigöngu með þátttöku tugþúsunda manna og margvíslegt kynningarstarf sem unnið hefur verið af einstaklingum, deildum og félögum homma, lesbía, tvíkynhneigðra og annarra sem með einu og öðru móti falla undir þá sem hér eru einu nafni nefndir samkynhneigðir, verður enn vart andstöðu. Enn eru ekki allir sáttir við að annað fjölskyldu- eða sambúðarform sé eðlilegt en gagnkynhneigt. Enn kemur fyrir að samkynhneigðir verði fyrir aðkasti og ónotum. Enn verður vart fordóma. Enn eru orðin hommi og lesbía notuð í niðrandi merkingu. Enn skortir fræðslu og skilning. Og enn eru mörgum sinnum fleiri samkynhneigðir í felum með hneigð sína en hinir, sem hafa stigið skrefið út úr skápnum inn í hið frjálsa líf á eigin forsendum. Enn er mikið óunnið, þótt ástandið sé í mörgum löndum verra en hér.

Eggjum og saur fleygt í samkynhneigða í Lettlandi
Andstæðingar samkynhneigðra hentu eggjum og saur í fólk sem tekið hafði þátt í guðþjónustu í borginni Ríga á Lettlandi. Samkynhneigðum var bannað að halda „Gay Pride“ göngu í Lettlandi í dag, og voru aðrir viðburðir skipulagðir í stað hennar. Samkynhneigðir komu saman á hóteli í miðborg Ríga til að sýna að þeir yrðu ekki bugaðir. Mótmælendur mættu þar líka og kallaði talsmaður öfga-þjóðernishreyfingarinnar NSS samkynhneigða siðlausa, skítuga syndgara sem ekki væri rúm fyrir í eðlilegu samfélagi. (mbl.is 22. júlí 2006)

Lengi hefur verið rætt um að fræðsla um samkynhneigð eigi að komast inn í menntakerfi landsins. Rætt hefur verið um að setja ákvæði um það í námskrár skólanna. Það hefur þó ekki tekist enn. Þess eru fjölmörg dæmi að nemandi gangi í gegnum grunnskóla og jafnvel líka framhaldsskóla án þess að nokkru

Þessi samantekt er gerð fyrir Skóladeild Akureyrar að undirlagi Norðurlandshóps Samtakanna 78 og Norðurlandsdeildar FAS, Samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra. Smáleturtextar, ekki sérstaklega merktir, eru örsögur nokkurra íslenskra ungmenna á háskólaaldri.

Aðstoð, hugmyndir, yfirllestur, innskot og margt annað sem hefur gert þetta plagg að því sem það er: Auður Þórsdóttir, Ásta Ósk Hlökkversdóttir, Eygló Aradóttir, Guðjón Sigurður Tryggvason, Guðlaugur Kristmundsson, Guðrún Ásta Guðjónsdóttir, Heimir Áspór Heimisson, Helga Margrét Clarke, Jón Örvar Gestsson, Sigrún Sveinbjörnsdóttir.

Heimilda leitað hjá einstaklingum og á vefsíðum auk heimildakvikmyndarinnar Hrein og bein eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur og Þorvald Kristinsson.

FSS, félag STK stúdenta, veitti myndarlegt framlag til þessa bækling og hann var unninn sumarið 2006 í nýstofnaðri AkureyrarAkademíu.

© Sverrir Páll Erlendsson 2006

Efni þessa bækling er heimilt að nota að fengnu leyfi höfundar.

Prentvinnsla: Ásprent
Akureyri 2006

sinni hafi verið minnst á samkynhneigð í kennslustund eða að það geti tíðkast að karlmaður elski karlmann og þeir búi saman eða kona elski konu og þær séu í sambúð eins og hver önnur hjón. Þess eru einnig fjölmörg dæmi að samkynhneigðir krakkar gangi í gegnum allan sinn skólaferil án þess að heyra nokkru sinni minnst á fólk eins og sig, börn og unglingar sem fá það jafnvel á tilfinninguna að þau séu ekki til eða ekki velkomin. Óttast jafnvel að þau séu ekki eðlileg og hrökkva í kút þegar einhver hreytir út úr sér: „Helvítis lessan þín“ eða: „Ertu hommi eða hvað?“ jafnvel þó að þeim orðum sé beint að allt öðrum en þeim.

Það hefði breytt svo miklu ef ég hefði heyrt talað fallega um samkynhneigða, það eina sem ég heyrði var neikvætt.

Auðvitað væri eðlilegast í skóla að fjalla um lífið og tilveruna án þess að draga fólk í dilka eða setja merkimiða á það. Auðvitað á að ríkja jafnrétti eftir kynhneigð eins og hvert annað jafnrétti. Samkynhneigðir leggja áherslu á að öðlast jafnan rétt en ekki sérréttindi. Að fjallað sé um þá eins og aðra. Komið fram við þá eins og aðra. Að ekki sé komið fram við þá eins og þeir séu vandamál því það eru þeir ekki. En þeir eru til, þeir eiga sér tilveru sem þarf að vera hægt að ræða um eins og hverja aðra tilveru. Að ræða um hana, ekki þegja yfir henni. Það er málið.



Kynhneigð

Það er dálítið erfitt að skilgreina kynhneigð. Það er ekki jafnaugljóst og svart og hvítt. Við getum leikið okkur og sagt að það séu líka talsvert margir gráir tónar. Kannski er það þess vegna sem talað er um að samkynhneigð, gagnkynhneigð og tvíkynhneigð séu mismunandi tónar í litrófi lífsins.

Mannfólkinu skiptum við í tvennt, karla og konur. Karlarnir karlmannlegir og stórgerðari en konurnar, sem eru finlegri. En þetta er bara grunnútlit. Kyngerðin er miklu flóknari en svo. Sumir karlar eru fingerðir og sumar konur eru stórgerðar, en það þarf ekkert að hafa neitt um kyngerð og því síður kynhneigð að gera. Sem betur fer eru ekki allar konur eins og ekki allir karlmenn heldur. Það er heldur ekki rétt að allar lesbíur séu karlalegar, jafnvel ófriðar og svolalegar og elski að gera við trukka, eða allir hommar séu dömulegir, leiki sér með dúkkur og verði hárgreiðslumenn eða hjúkkur. Samt er engu líkara en sumir haldi þetta. Búi til svona staðalímyndir.

Sumir spyrja: Hvernig get ég vitað hvort karlmaður er hommi eða kona lesbía? Við þessu er ekkert einhlítt svar. Langflestar lesbíur, langflestir hommar og langflestir tvíkynhneigðir hafa engin ytri einkenni sem sýna kynhneigð þeirra. Þetta fólk er hvorki með horn né hala. Þetta er venjulegt fólk sem hverfur auðveldlega í fjöldann og við tökum ekki eftir því, til dæmis á götu. Flestir kjósa að hengja ekki á sig merkimiða sem upplýsir kynhneigð þeirra. Ekki frekar en hver annar gagnkynhneigður einstaklingur. Hann límir ekki á ennið á sér miða sem á stendur: Ég er gagnkynhneigður.

Það getur verið þreytandi að vera neðanmálgrein aftast í einhverri efnisgrein, svolítið svona: Já, og svo er líka til samkynhneigð.

Kynhneigð er eitthvað sem enginn ræður eða getur stjórnað. Hún er ekki tíska, ekki lífsstíll, ekki sjúkdómur. Kynhneigð er einfaldlega meðfædd. Það verður með öðrum orðum enginn samkynhneigður. Það hættir heldur enginn að vera það. Einstaklingurinn einfaldlega er með þessa hneigðina eða hina. Það er sem sagt ekki áunnið að vera hommi eða lesbía. Hins vegar er mismun-

andi hvenær einstaklingurinn áttar sig á kynhneigð sinni. Það er algengt að samkynhneigðir finni það strax í bernsku að þeir eru einhvern veginn ekki allveg eins og allir hinir. Þeir gera sér kannski ekki grein fyrir því fyrr en löngu síðar á hvern hátt eða hverjar þessar tilfinningar eru, oftast gerist það í tengslum við kynþroskann.

Stundum er talað um að strákar séu hommalegir eða stelpur séu lessulegar. Það er þá venjulega vegna þess að fólki finnst strákarnir óvenjufinlegir eða kvenlegir í hreyfingum og háttum eða stelpurnar grófari og stórkaralegri en gengur og gerist og líkari strákum en stelpum. Vissulega eru til hommar sem gera sér far um að vera kvenlegir, klæðast áberandi og kvenlegum fötum og snyrta sig eins og stelpur – og það er líka til svokallað drag, strákar sem koma fram í líki glæsikvenna. Sumar lesbíur gangast upp í því að vera karlmannlegar, stuttklipptar og búralegar og eins fjarri því og mögulegt er að vera dömur. Þá má líka nefna að til er drag þar sem konur koma fram í líki karla. Það þarf hins vegar ekkert að tengjast samkynhneigð að klæðast fötum annars kyns.

Við megum ekki gleyma því að eru til stelpur sem eru strákalegar en algerlega gagnkynhneigðar og strákar sem eru stelpulegir án þess að það flögri nokkru sinni að þeim að hrífast af öðrum strákum. Og það sem skiptir kannski mestu máli: Langsamlega flestar lesbíur eru ekkert frábrugðnar öðrum konum í útliti og háttum og langflestir hommar líta nákvæmlega eins út og allir hinir strákarnir. Útlitið segir ekki til um kynhneigð. Staðalmyndirnar af stelpulegum strákum og strákalegum stelpum rugla okkur dálítið í ríminu.

Í einföldu máli

Við getum reynt að setja okkur fyrir sjónir einfaldaða mynd. Munum bara að hér erum við að tala um kynhneigð, ekki kynlíf. Það er allt annað mál. En við getum leyft okkur svona til bráðabirgða að segja að það að vera samkynhneigður sé:

- að elska einstakling af sama kyni
- að horfa á, dást að einstaklingi af sama kyni
- laðast að einstaklingi af sama kyni, tilfinningalega og kynferðislega
- að vilja snerta hann, leiða hann, faðma hann, kyssa hann, eiga hann

Langalgengast er að strákur verði hrifinn af stelpu og stelpa verði hrifin af strák. Úr því verða þessi hefðbundnu pör, hvort af sínu kyni. Gagnstæð kyn. Þetta fólk er kallað GAGNKYNHNEIGT. Vegna þess að það er algengast gleymist oft að þetta geti verið með einhverju öðru móti. Því miður virðist ríkja það viðhorf að allir séu gagnkynhneigðir – þangað til annað kemur í ljós.

En það eru sem sé ekki allir svona. Sumir eru skapaðir öðruvísi. Stelpa get-

ur elskað stelpu og strákur elskað strák. Úr því verða líka pör, strákur með strák eða stelpa með stelpu. Sama kyns. Þau eru kölluð SAMKYNHNEIGÐ.

Línurnar eru ekki alveg svona skýrar, það er ekki bara svart og hvítt hér frekar en annars staðar, heldur líka eitthvað þar á milli. Til eru þeir sem setja ekki fyrir sig kyn þess sem þeir laðast að, geta hneigst til sama kyns eða andstæðs. Þeir eru kallaðir TVÍKYNHNEIGDIR.

Enn má nefna þá sem kallast TRANSGENDER, en því miður er ekki til not hæft orð um það á íslensku. Meðal annars nær það yfir þá sem eru transsexual, upplifa sig ekki sem einstaklinga af því kyni sem líkami þeirra og sköpunlag segir til. Hér er átt við að einstaklingur upplifir sig sem konu en er í karllíkama eða upplifir sig sem karl og er í kvenlíkama. Orðið er líka haft um fólk sem hefur þörf fyrir að tjá kyngervi sitt með mismunandi móti, til dæmis dragdrottningar og dragkóngar. Það er nefnilega langt í frá að allar dragdrottningar séu hommar. Til er hugtakið transvestite, og hefur stundum verið kallað klæðskiptingar á íslensku. Í þeim hópi eru aðallega gagnkynhneigðir karlmenn sem hafa þörf fyrir að klæða sig í kvenföt. Þetta er býsna flókið mál, en segja má að transgender sé regnhlífarhugtak og það nær til miklu fleiri þátta, sem ekki er unnt að gera grein fyrir hér.

Algengt?

Margvísilegt mótlæti sem samkynhneigðir hafa mátt búa við í gegnum tíðina hefur valdið því að þeir hafa kosið að leyndu kenndum sínum, láta lítið fyrir sér fara, gætt þess svo vel að koma ekki upp um sig að þeir hafa tamið sér líf og hegðan gagnkynhneigðra. Með öðrum orðum lifað allt öðru lífi en þeim hefur verið eiginlegt. Þetta er eðlilegt þar sem samkynhneigð hefur lengi verið fordæmd af trúfélögum og jafnvel ríkjum, verið talin sjúkdómur, jafnvel svæsin, og ekki eru margir áratugir síðan hún var talin meðal geðsjúkdóma hér á Íslandi. Þess vegna hefur ekki verið hægurinn hjá fyrir samkynhneigða að koma fram í dagsljósið með tilfinningar sínar og kenndir fyrr en á allrasíðustu áratugum. Það eru um það bil þrjú áratugir síðan réttindabaráttu samkynhneigðra hófst á Íslandi, fram til þess – og reyndar talsvert lengi eftir það var samkynhneigð feimnismál, höfð í hvíslingum – og eimir af því enn.

Með tímanum hefur samkynhneigðum sem eru synilegir í samfélaginu fjölgað ótt og titt. Þegar þeim hefur lánast að snúa við blaðinu og koma fram í dagsljósið, koma úr felum, hefur þeim, að því þeir segja sjálfir frá, fundist eins og þeir hafi verið innilokaðir, hálfpartinn eins og fangar í eigin líkama. Hugtökin að koma úr felum og koma út úr skápnem vísa til þessara tilfinninga, að frelsi sé komið í stað hellsis.

Það eru ekki allir sammála um það hversu algeng samkynhneigð er. Ýmsar hlutfallstölur hafa verið nefndar, allt frá 3 og upp í 10% mannfólksins. Flest bendir þó til þess að allt að því 5% manna séu hommar og lesbíur. Um hlut-

fallstölu tvíkynhneigðra er ekki vitað, en þeir eru utan þessara viðmiðunartalna. Þannig gætu verið 1-2 hommar eða lesbíur í hverjum 25 manna bekk í skóla – eða því sem næst. Í 500 manna skóla væru þá um það bil 25 samkynhneigðir nemendur – heill bekkur. Í skólanum mínum og í skólanum þínum. Ef við lítum yfir 25 manna bekk sjáum við oft að þar eru 1-2-3 örvhentir. Við getum leyft okkur að segja að sambærilegur fjöldi nemenda séu hommar og lesbíur, þó að það komi því að öðru leyti ekkert við hvort vinstri höndin vinnur betur en sú hægri.

En sé þetta rétt, af hverju vitum við þá ekki um það? Af hverju fréttum við fyrst af því þegar krakkarnir eru komnir í annað skóla eða í annan bæ eða borg að hann eða hún sé komin út úr skápnum? Hefðum við getað gert eitthvað til að auðvelda þessum einstaklingi að koma úr skáp sínum fyrr – eða sleppa því alveg að vera í skáp? Hefðum við getað hjálpað þessu fólki að lifa frjálsu lífi í sátt og samlyndi við sjálf sig og aðra? Hefðum við ekki átt að gera það?

Svarið er auðvitað einfalt. Það eru mannréttindi:

- að ekki sé gert sjálfkrafa ráð fyrir því að sérhver einstaklingur sé gagnkynhneigður
- að fá að vera lesbía / hommi / tvíkynhneigður með nákvæmlega sama rétti og gagnkynhneigðir
- að fá að eiga sínar eigin tilfinningar í friði eins og allt annað fólk
- að þurfa ekki að vera með merkimiða (fyrirgefðu, ég er lesbía)
- að fá að lifa á sömu forsendum og allt annað fólk

Það eru mannréttindi að fá að VERA TIL.



Samkynhneigð og skóli

Ef við lítum á tölur um fjölda samkynhneigðra hlýtur að vera ljóst að í skólum eins og annars staðar í samfélaginu er samkynhneigt fólk. Vissulega eru til samkynhneigðir kennarar, alveg eins og samkynhneigðir læknar, lögreglumenn, verslunar- og iðnaðarmenn, en í skólunum eru samkynhneigðir nemendur auðvitað miklu fleiri. En það er sammerkt með þessum kennurum og nemendum að þeir bera ekki utan á sér merkispjald sem segir til um kynhneigð þeirra. Ekki frekar en gagnkynhneigðir bera á sér slíkan merkimiða.

Það hversu lítið var talað um samkynhneigð á grunnskólaárum mínum hafði þau áhrif á mig að ég taldi að þetta væri eitthvað sem væri ekki eðlilegt.

Oft vaknar spurningin: Hvað á ég að gera ef kemur í ljós að nemandi í bekknum mínum er hommi eða lesbía? Skólustjóri gæti líka spurt sig: Hvað á ég að gera ef ég kemst að því að Jóhann, sem kennir í 5. bekk, er hommi? Einfaldasta svarið við þessum spurningum er sjálfsagt að búa umfram allt ekki til vandamál úr þessu. Fordómar gagnvart samkynhneigðum kennurum stafa oftast af þeim ranghugmyndum að lesbíur og hommar hljóti að vera kynlífsfíklar og barnaniðingar. Það er náttúrulega út í hött.

Í skólastofunni

Algeng viðbrögð þegar í ljós kemur að nemandi er samkynhneigður eru að fjalla um kynhneigð í bekknum. Oft hefur þá verið brugðið á það ráð að fá homma og/eða lesbíu, helst af yngri kynslóðinni, til að koma í bekkinn, segja frá, spjalla og svara spurningum. Kennari og/eða námsráðgjafi hafa oft rætt við nemandann einslega og haft samband við fjölskyldu hans, ef hann vill það, og haft milligöngu um að hann komist í samband við aðra samkynhneigða eða samtök, sem hann getur leitað fróðleiks og ráðgjafar hjá. Þetta allt þarf auðvitað að gera án þess að taka þennan homma eða þessa lesbíu sérstaklega fyrir, benda á þau og gera þau að vandamáli í bekknum eða skólanum.

Það er mikilvægast af öllu þegar maður er að koma út úr skápnum að hitta aðra samkynhneigða og tala við þá, og finna að maður er ekki afbrigðilegur, að það sé til fólk eins og maður sjálfur.

Allt þetta væri svo miklu, miklu auðveldara ef fjallað væri um kynhneigð í náminu sjálfu frá upphafi. Nemandinn gæti í ljósi þess parað sig við einhverja heimsmynd sem hann hefði lært um og heyrt af í skólanum. Mig langar til að nefna dæmi um það:

Tuttugu og þriggja ára nemandi í Háskóla Íslands skrifaði skólastjóranum í gamla grunnskólanum sínum bréf árið 2004. Hann sagði meðal annars:

Mér leið mjög illa andlega í skólanum, ekki út af aðbúnaði heldur vegna þess að mér fannst ég hvergi eiga heima og að eitthvað væri að mér. Ég áttaði mig svo löngu síðar á því hvað það var. Ég man eftir fjórum sjálfsvígstilraunum eða alvarlegum aðstæðum þar sem ekkert annað heppnin stoppaði mig, sálin var löngu búin að gefast upp og sjálfsvígshugsanir komu upp frekar reglulega. Í dag hef ég engar slíkar hugsanir og lifi mjög góðu lífi, í fyrsta skipti er fjölskyldan mín og vinir farnir að virka. Það er góð tilfinning. Ég veit það núna að ég hefði aldrei átt vini fyrir en ég kom út úr skápnum með kynhneigð mína og sagði fólkinu í kringum mig að ég væri hommi. Í dag er ég 23 ára og finnst ég hafa lifað í svo stuttan tíma hamingjusamur.

Ég vildi óska að einhvern tímann á skólagöngunni minni hefði kennari minnst á orðin hommi eða lesbía, fjallað um margbreytileika lífsins og þann hluta mannlífsins sem ég tilheyrir. Ég vildi óska að kennari hefði leitt bekkinn minn, þann veruleika sem ég þekkti, í uppbyggjandi og fræðandi umræður um þá hópa sem verða undir í samfélaginu.

Það er ekkert einkamál að vera samkynhneigður. Sérhver einstaklingur sem er hommi, lesbía eða tvíkynhneigður á líka foreldra, systkini, afa og ömmur, frændur og frænkur – og vini og kunningja. Hugsum okkur skóla þar sem eru 200 nemendur. Þar má gera ráð fyrir að séu að minnsta kosti 10 hommar eða lesbíur. Ef við gerum ráð fyrir að hver þeirra eigi foreldra, systkini og afa og ömmur þá eru nánustu fjölskyldur þessara 10 krakka ekki undir 100 manns. Neikvæð umfjöllun eða afskiptaleysi snertir því fleiri en þann einan sem samkynhneigður er. Ungi maðurinn í Háskólanum segir við skólastjóran sinn:

Litlu systkinin mín eru mjög meðvituð um að ég er hommi og fjölskylda mín leyfir þeim að taka fullan þátt í þeirri umræðu. Þau hafa bæði mætt skilningi og stríðni í skólanum, það hefur mikið tekið á þau og oftast en einu sinni hafa þau komið grátandi heim því að krakkarnir voru að stríða þeim fyrir mína kynhneigð.

Litlu systkinin mín eru það dýrmætasta sem ég á og ég gæti aldrei gert neitt sem særði þau eða gerði þeim erfitt fyrir. Samt velti ég því oft fyrir mér hvort ég hafi gert rangt með því að fara að lifa í sátt við sjálfan mig... Þurfa systkinin mín að gjalda fyrir það að ég sé hommi? Undanfarið hefur þetta legið svo þungt á mér að sú hugsun hefur komið upp hvort ég hefði átt að fremja sjálfsmorð til þess að litlu systkinin mín losni við það að vera sú/sá sem á homma fyrir bróður og vera strítt fyrir það í skólanum.

Þetta er úr bréfi – ekki frá 19. öld heldur er það skrifað 10. nóvember 2004. Ungur nútímamaður segir frá líðan sinni sem nemandi í venjulegum íslenskum grunnskóla þar sem hann á núna systkini sem verða fyrir aðkasti hans vegna. Orsökina er sú að í skólanum hefur ekki verið fjallað um líf eins og lífið hans á þann hátt að skapa skilning og treysta jafnrétti allra nemendanna.

Munum að nemendur okkar verða ekki samkynhneigðir þegar þeir eru farnir í burtu frá okkur. Þeir eru það alla tíð. Við áttum okkur ekki alltaf á því, sjáum það ekki á útliti þeirra eða hegðan. Þeir átta sig iðulega ekki heldur á því fyrir löngu síðar, þegar þroski og tilfinningar taka að raða fólki í flokka. En einmitt þess vegna er nauðsynlegt að allir, bæði þeir sem samkynhneigðir eru og allir hinir, hafi haldgöða þekkingu á því að það er eðlilegt að kynhneigð sé með mismunandi móti. Góð almenn fræðsla er það sem helst getur komið í veg fyrir fordóma, því fordómar stafa ekki síst af ótta við hið óvænta. Ótta við það sem er öðruvísi en það algengasta. Ef allir vissu alla tíð að það er alveg eðlilegt að strákur sofi hjá strák og stelpa kyssi stelpu, þá yrði sjálfsagt engum bilt við þegar þeir hitta fyrir þessa staðreynd.

Í þessu sambandi má nefna að staða stráka er að sumu leyti erfiðari og vandræðalegri hvað þetta varðar. Í okkar samfélagi þykir bara ósköp eðlilegt að stelpur, jafnvel konur, haldist í hendur, haldi hvor utan um aðra, faðmist og kyssist og kúri saman. Hins vegar hrökkva flestir í kút ef strákar, hvað þá unglingsstrákar og fullorðnir menn, leiðast á götu, halda hvor utan um annan, faðmast og kyssast eða kúra saman. Allt þetta (nema það síðastnefnda) leyfist þó í fagnaðarlátum flokkaíprótta, en þá skýtur gjarnan upp fordómum, fólk hneykslast á því að þessir fótboltamenn skuli hegða sér eins og hommar.

Frímínútur og fleira

Nemendur verja miklu af skólatíma sínum annars staðar en í skólastofunni undir stjórn kennarans. Það er reyndar gaman að heyra í fréttum þegar börn eru spurð hvað sé skemmtilegast í skólanum. Ófá nefna frímínúturnar (!)

Það er dálítið sérkennilegt þegar maður er kannski 6 eða 7 ára að fullorðið fólk, kennarar, skuli segja við mann: „Hvað er þetta? Ertu hommi, eða hvað?“

Í frímínúturnum gerist margt sem ekki gerist innan veggja skólastofunnar. Það er líka í frímínúturnum sem vandamál skapast af ýmsu tagi. Til dæmis stríðni, rýskingar, klíkumyndanir og einelti. Og kennararnir eru í flestum tilfellum inni á kennarastofu. Þar kemur til hlutverk annarra starfsmanna, húsvarða, ganga- varða, ræstitækna, skólaliða af ýmsu tagi. Stundum verður nemandi fyrir áreitni, til dæmis vegna þess að einstaklingar eða hópar ráðast að honum af einhverjum sökum, stundum vegna klæðaburðar, stundum vegna feimni, stundum vegna þess að einstaklingurinn er í raun og veru samkynhneigður, stundum jafnvel vegna sögusagna um að strákurinn sé hommi eða stelpa lesbía.

Segja má að þetta sé sá angri skólalífsins sem aðrir starfsmenn en kennarar eiga mun greiðari aðgang að. Það er líka staðreynd að margir, sem eiga um sárt að binda eða finna til smæðar sinnar af einhverjum sökum eiga trúnað og skjól hjá einhverjum öðrum starfsmanni skóla en kennara. Starf þessara skólaliða og hlutverk þeirra er afskaplega mikilvægt. Með glöggu auga og góðum skilningi geta þeir komið í veg fyrir margvíslegan vanda.

Af þessum sökum er jafnnaútsýnlegt að kennarar og aðrir starfsmenn skólanna viti sem mest um samkynhneigð og kunni að bregðast við ef út af ber. Áreitni og einelti verður oft til af óvitaskap – með öðrum orðum vegna van-kunnáttu og skilningsskorts þeirra sem þetta stunda. Það er líka rétt að muna að nemendur taka ekki síður mark á því sem maðurinn eða konan sem fylgist með þeim í frímínútum segir en hinu sem kennararnir segja í kennslustofunni.

Íþróttir

Handverk, listnám og íþróttir eru greinar sem oft eru stundaðar utan reglulegra kennslustofa, einkum íþróttirnar. Og íþróttirnar eru sérstakt viðfangs-efni – og varðandi samkynhneigð geta þær verið áhyggjuefni. Þær eru í það minnsta erfiðar fyrir viðkvæmar sálir. Upp að ákveðnum aldri barna er nekt ekki vandamál. Allt í einu og án fyrirvara breytist það og börn eru ekki lengur böðuð saman og allt verður að einum leyndardómi sem viðkemur því sem klætt er í nærföt.

Upp úr 8. bekk var ég rosalega vör um mig, ég vildi ekki að neitt gæfi til kynna að ég væri lesbía svo ég reyndi viljandi að vera léleg t.d. í fótbolta og smíðum.

Ekki eru allir sáttir á það hvort, hvernig eða hvenær á að skipta börnum í hópa eftir því hvort þau eru karlkyns eða kvenkyns. Hvað sem öðru líður eru börn í skólum höfð aðskilin í íþróttum, strákar og stelpur fara ekki saman í sturtu, heldur er nektin gerð að leyndarmáli, einhverju sem enginn af hinu kyninu má sjá. Kerfið ákveður að svo skuli vera, og það er mál út af fyrir sig.

Hitt er líka mikilvægt atriði að ekki henta sömu íþróttir öllum. Sumt er venjan að kalla karlaíþróttir og annað kvennaíþróttir af einhverri gamalli hefð. Það er hins vegar ekki borðleggjandi að öllum strákum henti kraftaíþróttir eða að öllum stelpum henti að vera í fimleikum og ballett. Hitt er líka til. Til eru tilgátur um einhvers konar fylgni kynhneigðar og íþróttaiðkunar. Það er þó með öllu órannsakað mál hér á landi og þyrfti að vinna að því að kanna þetta hið fyrsta. Til dæmis hefur verið bent á að skýringa sé þörf á því hvers vegna sumir strákar flosni upp úr hópiþróttum þótt þeir hafi til þess ágæta hæfileika, og sækist frekar eftir einstaklingsíþróttum. Til eru dæmi erlendis um sérstök íþróttafélög samkynhneigðra, sérstök íþróttamót og jafnvel heimsleika homma og lesbía, meðal annars World Out Games í Kanada sumarið

2006. Af hverju ætli sé nauðsynlegt að hafa heimsmeistaramót samkynhneigðra?

Ég man það sem krakki í gunnskóla hvað ég kveið mikið fyrir hverjum íþróttatíma í skólanum því það var það versta sem ég gat hugsað mér, að fara í hópiþróttir, sérstaklega fótbolta.

Það má líka velta fyrir sér hvort flóttinn úr hópiþróttunum kunni að stafa af einhverju sem tengist búningsherbergjunum. Algengt er í ýmsum hópiþróttum að hafa uppi gróft tal og groddalegt að loknum leik og þar er margvísleg manndómsreynsla tengd nektinni, þótt ekki verði farið nánar út í það hér. Það er því ekki ævinlega fyrir alla að taka þátt í þessu. Þetta getur komið afar illa við viðkvæma krakka, ekki sist einstakling sem er að átta sig á kynhneigð sinni. Þess vegna er ábyrgð íþróttakennara, íþróttapjálfa og annarra valdamanna innan íþróttanna mjög mikil gagnvart kynhneigð iðkendanna. „*Aðgát skal höfð í nærveru sálar,*“ sagi Einar Benediktsson, og það á vel við hér.



Fordómar og feluleikur

Öldum saman hafa verið miklir fordómar gagnvart samkynhneigð og hún talin óeðlilegt lífarni af verstu gráðu. Enn er ástandið víða alvarlegt. Í október árið 2002 var ráðist á samkynhneigðan borgarstjóra í Frakklandi og hann stunginn með hníf. Árásarmaðurinn sagðist gera það eingöngu vegna þess að samkynhneigð væri óeðli. Á svipuðum tíma var íslenskur karlmaður talinn óhæfur til að vinna á sambýli í Kópavogi vegna hættunnar sem talin var stafa af samkynhneigð hans. Kapólska kirkjan berst með kjafti og klóm gegn samkynhneigðum, reyndar líka gegn getnaðarvörnum. Í hinum „frjálsum“ Bandaríkjunum eru sums staðar heitar deilur um það hvort eigi að veita samkynhneigðum mannréttindi og í Moskvu var Gay Pride ganga bönnuð sumarið 2006. Samkynhneigðir eru víða fordæmdir vegna bókstaflegrar túlkunar fornra helgiritra. Enda þótt til séu trúflokkar og kirkjudeildir sem taka jákvætt á réttindamálum samkynhneigðra, heimili að hommar og lesbíur gegni embættum

safnaðar og gefi samkynhneigð þör saman í heilagt hjónaband, gangast aðrir fyrir afhommunarnámskeiðum, eins og samkynhneigðin sé hastarlegur sjúkdómur eða leiðinlegur vímuevandi. Þannig mætti lengi telja.

Fordómarnir virðast að vísu aðallega snúast um að fólk á erfitt með að umbera samkynhneigða sem *þör*, það á miklu auðveldara með að umbera samkynhneigða *einstaklinga*. Sumum þykir óþægilegt að sjá fólk af sama kyni leiðast, faðmast, kyssast. Margt fólk veltir sér upp úr hugmyndum um kynlíf samkynhneigðra, án þess ef til vill að vita hvort eða á hvern hátt það er frábrugðið öðru kynlífi. Það er eins og fólki komi það eitthvað meira við hvað einstaklingar af sama kyni gera í rúminu sínu en ef þeir eru af gagnstæðu kyni. Fordómarnir stafa hugsanlega af því að fólk ætlast yfirleitt til að allir séu eins og það sjálfst og takmark þörunar hafi þann tilgang að geta börn.

Rétt er að taka fram að staða homma og lesbía er á Íslandi mun betri en í stórum hluta heimsins, bæði hvað varðar réttarstöðu þeirra og almenningsálit. Nægir þar að vísa til nýsettrar löggjafar alþingis, sem tryggir lagalegan rétt samkynhneigðra til jafns við gagnkynhneigða, og hinnar geysifjölmennu og glæsilegu gleðigöngu Hinsegin daga, Gay Pride, sem hér á landi er sönn fjölskyldu- og vinahátíð þar sem ríkir stuðningur og jákvæður andi. Að vísu er myndin sem fjölmiðlarnir draga upp af göngunni einhæf og skökk. Myndirnar í sjónvörpum og blöðum eru næstum eingöngu af dragdrotningum. En lesbíur og hommar eru ekki bara Páll Óskar og Heklína. Öðru nær.

Enn eimur af neikvæðum viðhorfum og skammt er þess að minnst að birt var grein í Morgunblaðinu þar sem löggjöf um mannréttindi lesbía og homma var gagnrynd, ekki síst á þeim forsendum að samkynhneigt fólk væri ístöðulaust. Þetta væri óreglufólk sem lifði villtu partylífi og sambönd þess væru ótrygg, endalausir skilnaðir, enda stórkostleg taugabilun sem ylli þessari afbrigðilegu kynhneigð. Þess vegna væri fráleitt að leyfa svona fólk að ættleiða eða ala upp börn. Þau yrðu jafntaugabiluð og fylltust ranghugmyndum af því að hafa ekki foreldra hvorn af sínu kyni á heimilinu. Og hér má bæta því við að á Íslandi er hommum bannað að gefa blóð. Um það var sett regla fyrir nokkrum árum þegar í ljós kom fylgni HIV smitunar og homma. Hjá læknastrétt er talið óvarlegt að létta þessu banni, jafnvel þótt allt blóð sem gefið er sé skimað nákvæmlega og enda þótt eyðni sé fjarri lagi lengur *hommasjúkdómur*.

Utan úr heimi berast af og til alvarleg tíðindi af meðferð trúflokka, stjórnvalda og jafnvel einstaklinga á hommum og lesbíum. Hommar eru í sumum löndum settir í fangelsi og jafnvel líflátnir fyrir kynhneigð sína, til dæmis í mestallri Afríku, Mið-Austurlöndum og Kína. Árið 2004 gerðist það einnig í London að maður var drepinn fyrir það eitt að vera hommi og baráttukona fyrir rétti samkynhneigðra í Sri Lanka var einnig tekin af lífi. Í fyrri bönnuðu pólsk stjórnvöld gleðigöngu samkynhneigðra og nú, 2006, er

búið að banna Gay Pride göngu í Moskvu og stofnað hefur verið félag til höfuðs Gay Pride í Jerúsalem.

Það má því með sanni segja að lesbíur og hommar geti mun auðveldar strokið um frjálst höfuð hér á Íslandi, og reyndar á Norðurlöndum, en víða annars staðar. En samkynhneigð er

- Ekki sjúkdómur
- Ekki smitandi
- Ekki eitthvað sem kemur fyrir mann
- Ekki eitthvað sem maður getur orðið
- Ekki eitthvað sem maður breytist í
- Ekki hæfileiki sem maður lærir eða þroskar með sér

Samkynhneigð einfaldlega ER og því getur enginn stjórnað eða ráðið. Samkynhneigð er tilfinning. Hún er ást. Hún er líf. Bara svolítið öðru vísi en hjá flestum öðrum. Sumir hommar og lesbíur eiga tiltölulega auðvelt með að lifa sínu lífi, einkum ef þeim lánast að komast hjá því vera lengi í felum með kynhneigð sína. Aðrir eiga í mikilli og langvinnri innri baráttu árum saman, jafnvel áratugum, eiga innra með sér þá einu von að geta komið úr felum og bíða og leita tækifæris til þess. Biðin kann að kosta miklar þjáningar og á meðan er lífið ömurlagt. Óttinn við að veröldin hrynji, óttinn við viðbrögð foreldra og fjölskyldunnar, óttinn við að missa vini og óvissan um framtíðina. Allt þetta hleðst upp, og þegar færið loksins gefst eða kjarkurinn verður nógur þá opnast dyrnar og verður spennufall. Og björninn er ekki unninn þótt barnið komi og segi við mömmu sína: „Heyrðu mamma, ég er lesbía.“ Nei. Á sama hátt og það tekur einstaklinginn tíma að laga sig að umhverfinu þarf umhverfið sinn tíma til að laga sig að einstaklingnum. Hér þarf fjölskyldan að vinna saman, vinirnir, skólinn, vinnan og allt.

Þeir eru líka til sem gefast upp á lífinu og farga sér. Því miður höfum við nýleg dæmi um það hér á Íslandi. Aðrir taka þann kostinn að bæla samkynhneigðina, rétt eins og á afhommunarnámskeiði, láta ekkert á henni bera, temja sér látæði gagnkynhneigðra, slá ryki í augun á sjálfum sér og öðrum. Afneitunin vegna ótta við fordóma getur verið svo mikil að fólk komi aldrei úr felum. Það þýðir með öðrum orðum að fólk lifi aldrei sínu eigin eðlilega lífi.

Fjölmargir hommar og lesbíur ganga í hjónaband með maka af gagnstæðu kyni. Stundum gengur það vandræðalaust, að minnsta kosti á yfirborðinu og samkynhneigði aðillinn semur sig að háttum gagnkynhneigðra. Stundum endast þessi hjónabönd alla ævi. Stundum hefur enginn nokkru sinni fengið að vita um þetta nema sá einn sem bælt hefur niður kynhneigð sína. Hitt hefur orðið algengara á síðustu áratugum að hjónabönd af þessu tagi hafa rofnað

og einstaklingarnir fundið frelsi og iðulega fundið sér maka af sama kyni og lifað hamingjusamlegu lífi upp frá því.

Tökum þetta saman

Samfélagið hefur ekki alltaf viljað viðurkenna eða samþykkja sjálfsgöða tilveru lesbía, homma eða tvíkynhneigðra. Þess vegna hafa samkynhneigðir og tvíkynhneigðir lengi neyðst til að vera í felum, falið kynhneigð sína. Fólk hefur leynt kynhneigð sinni fyrir sjálfu sér og öðrum. Samfélagið gerir nefnilega ráð fyrir að hjón séu karl og kona. Foreldrar gera ráð fyrir að stelpa og strákur verði par og búi til barnabörn handa þeim (!)

Akureyri er nú reyndar einstaklega skemmtileg að því leyti að ekki þarf mikið til þess að teljast öðruvísi. Ég man eftir því að einu sinni kom ég í rauðri peysu í skólann í barnaskóla og þá spurði starfsmaður skólans hvort að ég vissi ekki að aðeins konur og hommar gengu í rauðum fötum. Ég sagði að það væri rétt, enda væru allir þórsarar hommar. Hann svaraði ekki.

Áður var algengt að fólk kæmi ekki úr felum fyrr en á aldrinum 25-30 ára. Með aukinni fræðslu, aukinni kynningu, ekki síst heimsóknum homma og lesbía í skóla, meðal annars í lífsleiknitímum, hefur þetta breyst og nú er sífellt algengara að fólk segi frá kynhneigð sinni 15-20 ára. Þannig hefur meiri fræðsla leitt af sér minni fordóma, það er einfaldara og sjálfsgöðara að ræða um þessi mál en áður var og við það dregur úr því að fólk þurfi að þjást vegna kynhneigðar sinnar. Skólarnir geta með starfi sínu og góðri, jákvæðri umfjöllun um samkynhneigð sem eðlilegan hluta af litrófi lífsins gert þetta allt enn auðveldara. Takmarkið hlýtur að vera að enginn þurfi nokkru sinni að loka sig inni í skáp vegna kynhneigðar sinnar.

Því fyrr sem einstaklingur áttar sig og þorir að lifa á eigin forsendum því auðveldara og eðlilegra ætti lífið að geta verið.

En eru allir spurðir um kynhneigð sína? Er bara spurt um kynhneigð fólks ef grunur er um að einstaklingurinn sé lesbía eða hommi? Lítum á sérkennilegan spurningalista, sem ættaður er upphaflega frá Bandaríkjunum. Hvernig ætli fólki almennt þætti ef svona spurningar væru lagðar fyrir það?

Könnun á gagnkynhneigð

1. Hvað heldur þú að valdi gagnkynhneigð þinni?
2. Hvernig og hvenær áttaðir þú þig á því að þú værir gagnkynhneigður?
3. Hvenær ákvaðstu að opinbera gagnkynhneigð þína?
4. Er mögulegt að gagnkynhneigð þín sé bara ástand sem mun ganga yfir, lagast með tímanum?
5. Ef þú hefur aldrei sofið hjá einstaklingi af sama kyni er það þá mögulegt að það sem þig vanti sé samkynhneigður elskhugi?

6. Er mögulegt að gagnkynhneigð þín sé af ótta við aðra af sama kyni?
7. Hverjum hefur þú sagt frá gagnkynhneigð þinni? Hvernig brugðust þeir við? Sneri fjölskyldan baki við þér?
8. Af hverju finnst ykkur gagnkynhneigða fólkinu alltaf nauðsynlegt að tæla aðra yfir í ykkar lífsstíl?
9. Af hverju þurfið þið gagnkynhneigðir alltaf að flagga kynhneigð ykkar. Því þurfið þið alltaf að vera að sýna ykkur? Getið þið ekki bara verið þið sjálf og þagað yfir því?
10. Myndir þú vilja að barnið þitt yrði gagnkynhneigt vitandi af þeim vandamálum sem eru því fylgjandi?
11. Flestir barnaníðingar eru gagnkynhneigðir. Telur þú barnið þitt öruggt hjá gagnkynhneigðum kennara?
12. Af hverju eru skilnaðir svona algengir hjá gagnkynhneigðu fólki?
13. Af hverju leggja gagnkynhneigðir svona mikla áherslu á kynlíf?
14. Ef tillit er tekið til þeirrar offjölgunar sem vofir yfir okkar, hvernig getur mannfólkið þá lifað af ef allir gagnkynhneigðir væru eins og þú?



Að ganga frjáls út í lífið

Það er eðlilegt að spurt sé hvenær fólk finni að það er samkynhneigt? Þetta er ekki auðveld spurning. Sumir verða mjög snemma varir við samkynhneigð sína, sem börn, jafnvel þótt þeir geri sér ekki grein fyrir því fyrr en miklu síðar. Sumir eru hins vegar ekkert að þæla í henni fyrr en á unglingsárunum, með kynþroskanum og þegar sjálfmyndin mótast. Sumir prófa gagnkynhneigt samband en finna sig ekki í því. Og sumir koma upp um sig þegar þeir gleyma að horfa á hitt kynið eins og félagarnir í hópnum.

Á þessum tíma þarf að vega og meta sjálfan sig og lífið og allt í heiminum. Þeir sem koma seint úr úr skáp sínum eiga miklu erfiðara verk fyrir höndum en hinir, sem gera það ungir. Það þarf að gera sér grein fyrir að maður er öðruvísi en fjöldinn og ákveða hvernig á að bregðast við því. Taka ákvörðun um að

vera í skáp, lifa eftir annarra manna uppskrift og láta engan vita, eða ganga út í lífið á eigin forsendum. Hér þarf að taka ákvörðun sem getur breytt svo mörgu í lífinu. Það getur gefið manni sjálfum frelsi, en það getur líka kostað mann vini, sambönd fjölskyldu ef allt fer á versta veg. Enginn skyldi halda að það sé auðvelt að koma út úr skápnum sættast við eigin tilfinningar, venjast þeim:

- Að kyngja því að vera örlítið öðruvísi en allir hinir
- Allar hinar stelpurnar þæla í strákum en ekki ég
- Allir hinir strákarnir þæla í stelpum en ekki ég
- Að læra að lifa við það að vera öðruvísi
- Að finna félag, einhverja sem eru eins, því ekkert er samkynhneigðum unglíngi hollara en að geta rætt við aðra samkynhneigða.
- Að þurfa að semja við samfélagið um það að fá að vera til
- Að þurfa að semja um tilverurétt sinn við foreldrana, félagana, ættina, eins og jafnvel er enn þörf á að gera á okkar tímum.

Foreldrar eiga oft afar erfiða daga þegar barn þeirra kemur úr felum. Sumir fyllast sektarkennd, halda að þeim hafi mistekist uppeldið. Móðir sagði þegar sonur hennar kom út úr skápnum: „Hvað hef ég gert til að verðskulda að barnið mitt sé svona?“ Sumir afneita barni sínu, óttast umtal annarra, jafnvel reka barnið að heiman – það eru aðeins 2 ár síðan höfundur þessara orða hitti unglingsstúlku úr smábæ á landsbyggðinni sem hafði verið rekin að heiman fyrir að segja foreldrum sínum að hún væri lesbía. Sumir foreldrar óttast heiður ættarinnar, vilja ekki að þetta spyrjist út? Foreldrar sögðu við dóttur sína sem kom út úr skápnum: „Sko þetta er allt í lagi okkar vegna, en við skulum ekkert vera að segja hinum í fjölskyldunni frá þessu.“ Og margir foreldrar sjá fram á að eignast ekki barnabörn eins og annað fólk.

Foreldrar þurfa vissulega tíma til að átta sig. Eins og lesbía sagði: „Þegar ég er búin að þæla í því árum saman að ég sé lesbía og hvað í ósköpunum það sé, þá get ég ekki ætlast til að ef ég segi mömmu frá því þá skilji hún það bara á stundinni. Hún þarf líka sinn tíma til að læra þetta.“ En veröldin er ekki bara börn og foreldrar. Fjölskyldan öll er hluti af tilverunni. Og fleiri.

Vinir og félagar lenda oft í klípu þegar í ljós kemur að einhver í hópnum er hommi eða lesbía, og vita ekki hvernig þeir eiga að bregðast við. Vandinn er meðal annars sá að þeir skilja ekki hvað er um að ræða, þá vantar upplýsingar, óttast jafnvel að missa vin / vinkonu. Það getur jafnvel komið fyrir að þeir verði hræddir um að sá samkynhneigði fari nú að reyna við þá. Rétt eins og það sé sjálfsagt að samkynhneigður reyni við alla sem eru af sama kyni.

Það var dálítið fyndið að þegar ég kom út úr skápnum þá færðu hinir strákarnir í bekknum sig eins langt í burtu frá mér og þeir gátu í búningssklefunum í leikfiminni, eins og þeir héldu að ég myndi smita þá eða ráðast á þá. Það var fyrst eftir langt samtal í partyi að þeir fóru að mjaka sér í áttina að mér aftur.

Og veröldin er stærrí. Það getur komið fyrir að skólinn og samfélagið bregðist, stundum skorti skilning hjá félögum, kennurum, yfirvöldum, vinnuveitendum. *Samkynhneigðum unglíngi hefur trúlega aldrei verið nauðsynlegra að eiga vini, einhverja sem geta verið einlægir og traustir en einmitt á þeirri stund sem hann opnar dyrnar út í hinn bjarta heim og lokar skápnum að baki sér. Þá má enginn bregðast.*



Þögnin og þjáningin

Sá sem felur sig, fer með veggjum, lokar sig inni og skammast sín fyrir það að vera til, gengur í gegnum miklar þjáningar. Kjarninn í þjáningu samkynhneigðra er ÞÖGNIN,

- það sem ekki má tala um
- það sem sussað er á ef einhver ætlar að minnast á það
- það sem er feimnismál
- það sem í augum annarra lítur út fyrir að vera óæskilegt – ljótt – vont

Þegar fólk, jafnvel nánustu ættingjar og vinir, forðast eins og heitan eldinn að tala um að einstaklingur sé samkynhneigður hverfur vandamálið ekki, heldur vex og vex – það er svo þægileg lausn að þegja yfir því sem er óþægilegt.

Það hafa það allir erfitt sem unglíngar, ég grét allan 8. bekkinn, ekki útaf því að ég var hommi, heldur bara því sem var efst á baugi, Ísrael og Palestínu, stríð í Júgóslavíu eða verðbólgu, allt kom til greina. Það getur verið erfitt að sætta sig við kynhneigð sína en það þarf ekki að vera það.

Það er hins vegar ekki með öllu einfalt eða auðvelt fólki, jafnvel á fullorðinsaldri, að venjast því að tala um mál sem aldrei hefur verið talað um eða nota tungutak sem fólki er ekki tamt. Það getur til dæmis verið erfitt fólki að segja orð eins og hommi eða lesbía. Sumum kann að finnast það eins og að hafa óbragð í munni, enda hafa þessi orð svo lengi verið notuð í neikvæðri merkingu. Móðirin sem sagði: „Hvað hef ég gert til að verðskulda að barnið mitt sé svona?“ gat einfaldlega ekki sagt orðið hommi, og núna, nokkrum árum síðar, gerir hún það enn mjög sjaldan og varlega.

Ekki gera sjálfkrafa ráð fyrir að allir verði þunglyndir og daprir, það er annað sem spilar inní líka. Það er óþarfi að gera hlutina erfiðari bara til þess að gera þá erfiðari.

Það er líka eðlilegt að fullorðið fólk eins og foreldrar þurfi töluvert langan tíma til að venja sig við nýjar aðstæður og að æfa sig talsvert lengi í að tala á nýjan hátt við barnið sitt. Margar lesbíur og margir hommar hafa sagt frá reynslu sinni að koma út úr skápnum og viðbrögðum fjölskyldna sinna. Meðal annars hafa þau sagt að það kosti tíma og þolinmæði fyrir fjölskyldu og vini að venja sig við hinn nýja sannleika, jafnvel mánuði eða ár.

Á sama hátt má segja að það þurfi að venjast því og æfa sig í því í skólum að tala um homma og lesbíur og aðra samkynhneigða á jákvæðum nótum, hvort sem það er í kennslustofunni, í frímínútunum, í leikfiminna eða hvar sem er. Að fjalla um samkynhneigð, til þess að geta brugðist við, orðið að liði ef upp kemur samskiptavandi vegna samkynhneigðar eða einhver sem er samkynhneigður kys að láta vita af sér.

Því fyrr sem farið er að fjalla á einlægan og eðlilegan hátt um kynhneigð og mismunandi afbrigði hennar í öllu skólakerfinu, þeim mun léttari verður leiðin í gegnum skólann – fyrir alla, ekki bara þá sem samkynhneigðir eru heldur líka hina.

- Þögnin er hættuleg. Það er grundvallaratriði að við megum ekki þegja.
- Það er nauðsynlegt að tala á jákvæðum nótum um samkynhneigð eins og aðra kynhneigð
- Það er nauðsynlegt að fræða fólk um samkynhneigð, til dæmis í skólum
- Það er nauðsynlegt að kynna samkynhneigð sem víðast til þess að eyða fordómum og tryggja skilning á því að hommar og lesbíur og tvíkynhneigt fólk eru venjulegt fólk
- Það er nauðsynlegt að tryggja samkynhneigðum fullt jafnrétti til þess að vera til



Sýnileiki og stolt

Kjörorð í baráttu samkynhneigðra undanfarin ára hafa verið SÝNILEIKI og STOLT. Þeir sem fylgst hafa með Hinsegin dögum, GAY PRIDE í Reykjavík undanfarin ár hafa merkt breytingu á viðmóti við samkynhneigða.

Kannanir undanfarna áratugi hafa sýnt viðhorfsbreytingar almennings. Mun fleiri taka jákvæða afstöðu til málefna samkynhneigðra en fyrir einum – tveimur – þremur áratugum. Það segir sína sögu að samkynhneigðum hefur verið tryggð heimild til skráðrar sambúðar, ættleiðinga og tæknifrjóvgunar. Forstöðumenn trúarsafnaða eiga næsta leik, að veita hommum og lesbíum sama rétt og öðrum til blessunar og vígslu, því hommar og lesbíur trúa – eða trúa ekki – nákvæmlega eins og allt annað fólk.

Baráttunni er ekki lokið þó að lagalegum áföngum hafi verið náð, það er þungur róður eftir enn. Með samtökum, sýnileika, stolti og því að eyða þögninni verður að lokum komist að marki.

Í því efni er skólinn mikilvægari en allt annað. Menntun eyðir fordómum. Og þó að skrefin að markinu séu mörg er sérhvert lítið skref áfangi á leið.



Samband

Á vegum Samtakanna 78 og ýmissa annarra félaga og hópa sem tengjast hommum, lesbíum, og tvíkynhneigðum og aðstandendum þeirra má fá margvíslegar upplýsingar og ráð. Á vegum Samtakanna 78 eru ráðgjafar og fyrirlesarar sem fara í skóla, vinnustaði og víðar til að kynna málefni samkynhneigðra, svara fyrirspurnum og svo framvegis. Einnig er hjá samtökunum hægt að fá viðtöl hjá ráðgjöfum. Viðlíka þjónustu er einnig að fá á vegum S78N, Norðurlandsþóps Samtakanna 78.

Skólaheimsóknir eru mjög mikilvægar meðan kennsla um kynhneigð er ekki bundin í kennslu og námskrá. Algengt er að fyrirlesarar af yngri kynslóðinni séu fengnir til að koma og ræða við nemendur í lífsleiknitímum.

Samtökin 78 – www.samtokin78.is, sími 552 7878, tölvupóstur skrifstofa@samtokin78.is

Formaður Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Framkvæmdastjóri Hrafnkell Tjörvi Stefánsson

Ráðgjafar Anni G. Haugen og Guðbjörg Ottósdóttir, panta viðtal í síma 552 7878

Skrifstofa og menningarmiðstöð Laugavegi 3, 4. hæð, Reykjavík, opin kl. 13-17 alla virka daga

Bókasafn Samtakanna 78 er opið til útlána alla virka daga kl. 14-17, á mánudögum og fimmtudögum kl. 20-23 og á laugardögum kl. 13-17.

FSS, félag STK stúdentna – Félags- og fundaraðstaða í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík. Sími: 520 4664 – www.gaystudent.is, tölvupóstur gay@hi.is

KMK – Konur með konum – www.kmk.is, tölvupóstur konurmedkonum@hotmail.com

Ungliðahópur Samtakanna 78 – www.samtokin78.is/unglidar, tölvupóstur: unglidar@hotmail.com

FAS Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra – www.samtokinfas.is

S78N – Norðurlandsdeild Samtakanna 78. Vefur S78N – www.simnet.is/nn
Norðurlandsdeild FAS Fundir á Sigurhæðum Akureyri annan fimmtudag hvers mánaðar kl 20



FSS, félag STK stúdentna var stofnað 19. janúar 1999. Innan félagsins eru háskólanemar og starfsmenn háskóla en jafnframt fólk á aldrinum 18-30 ára þótt það sé ekki í háskóla. Virkir félagar eru um 100 en um 400 eru á póstlista. Auk þess að vera samfélag þeirra sem hér hafa verið taldir og samtök í baráttu fyrir jafnrétti, hefur FSS staðið fyrir margvíslegu fræðslu- og kynningarstarfi inn á við og út á við, verið virkur þátttakandi í norrænu og alþjóðlegu samstarfi samkynhneigðra stúdentna (ANSO og IGLYO) og hefur tekið þátt í og séð um ráðstefnur og námskeið heima og heiman. Félagið skiptist í fjórar deildir; *félagsdeild*, sem annast almennt félagsstarf, meðal annars GayDay, opið hús aðra hverja viku, *fræðsludeild*, sem hefur með höndum margvíslegu kynningarstarfi inn á við og út á við og heldur úti vefsíðu félagsins www.gaystudent.is, *alþjóðadeild*, sem heldur utan um samband og samstarf á alþjóðlegum vettvangi og *STK heilsu*, sem er nýjasta deildin og einbeitir sér að heilbrigðis- og forvarnamálum.

